

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 15. janúar 2009

Dagskrá Viðskiptaþings

Árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs verður haldið miðvikudaginn 4. febrúar næstkomandi á Hilton Nordica. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er *Endurreisn hagkerfisins* og er dagskrá þingsins eftirfarandi:

13:00 Skráning

13:30 Setning og ávarp formanns Viðskiptaráðs

13:50 Pedro Videla, prófessor í hagfræði við IESE Business School á Spáni

14:15 Pedro Videla, spurningar úr sal

14:30 Kaffihlé

14:50 Afhending námsstyrkja Viðskiptaráðs

15:00 Ræða forsætisráðherra, Geirs H. Haarde

15:30 Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar

15:50 Viðhorf atvinnulífsins:

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auður Capital

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík

Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP banka

16:20 Móttaka í boði Viðskiptaráðs Íslands

Dr. Pedro Videla hefur víðtæka þekkingu á fjármála- og gjaldeyriskreppum í nýmarkaðshagkerfum og smárikjum og leiðir úr slíkum þrengingum. Auk kennslu og rannsókna, hefur Dr. Videla stundað margvísleg ráðgjafastörf víða um heim, hann hefur komið að verkefnum fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann og fleiri ásamt því sem hann er eftirsóttur fyrirlesari á alþjóðavettvangi. Að undanfögnu hefur Dr. Videla sinnt stundakennslu á framhaldsstigi við Háskólann í Reykjavík.

Aðgangseyrir er kr. 12.000 fyrir aðildarfélög (kr. 10.000 á mann fyrir tvo eða fleiri frá aðildarfélögum) og kr. 15.000 fyrir aðra en félagsmenn. Athugið, tímasetning erinda og lengd þeirra gæti tekið smávægilegum breytingum fram að Viðskiptaþingi.

Smelltu [hér](#) til að skrá þig.

Mínum á viðhorfskönnun vegna Viðskiptaþings

Í gærmorgun var send út áminning á aðildarfélög vegna viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs. Könnunin er liður í undirbúningi Viðskiptaþings sem haldið verður þann 4. febrúar næstkomandi undir yfirskriftinni *Endurreisn hagkerfisins*. Síðasti dagur til að skila inn svörum er á morgun, föstudag, og viljum við hvetja sem flesta til að svara könnuninni til að niðurstöður hennar endurspegli sem breiðasta afstöðu aðildarfélaga. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á þinginu.

Viðskiptaráð þakkar þeim þátttökuna sem þegar hafa svarað könnuninni.

Tengil á könnunina finna aðildarfélagar í tölvupósti sem sendur var í gærmorgun frá Outcome.

Fjölsóttur Skattadagur

Árlegur Skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs Íslands og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins var haldinn á þriðjudaginn síðasta á Grand Hótel. Líkt og fyrri ár var fundurinn vel sóttur og voru um 230 manns skráðir. Á fundinum fjallaði Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabankans, um gjaldeyrisreglur bankans. Gunnar Egill Egilsson fjallaði um starfsemi erlendra aðila hérlandis, Guðbjörg Þorsteinsdóttir og Hjördís B. Gunnarsdóttir fjölluðu um skattaleg áhrif við inngöngu í ESB og Vala Valtýsdóttir, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, fór yfir reglur um skattalegan stuðning við eigið fé og tækifæri sem liggja þar. Fundarstjóri var Guðrún Hálfðánardóttir aðstoðarfréttastjóri mbl.is, en Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra setti fundinn með stuttu erindi.

Fjármálaráðherra fór stuttlega yfir núverandi ástand efnahagsmála og sagði hann vanda ríkisins um þessar mundir vera fjölbættan. Að mati ráðherra væri mikilvægt að grípa strax til nauðsynlegra aðgerða til að flýta fyrir bata í ríkisfjármálum, þó þær kunni að vera óvinsælar um tíma. Ráðherra sagði áætlanir gera ráð fyrir að rekstur ríkissjóðs komist í jafnvægi 2012, en taldi skynsamlegt að gera ráð fyrir því að alþjóðakreppan myndi sverfa enn frekar að áður en hagkerfið næði að rétta úr kútnum á nýjan leik. Þangað til væri eðlilegt að halli myndaðist á rekstri ríkissjóðs en mikilvægt væri að minnka hann hratt þegar hagkerfið tæki við sér á ný. Til að ná því marki væri m.a. nauðsynlegt að auka hagkvæmni í ríkisrekstri og draga úr útgjöldum. Við núverandi aðstæður sagði ráðherra lyklatríði að bregðast við á ábyrgan hátt og án þess að lagðar væru of miklar kvaðir á fyrirtæki og einstaklinga. Mikilvægt væri jafnframt að passa upp á að skattkerfið væri einfalt og gegnsætt og að það væri sem mest hvetjandi fyrir efnahagsstarfsemi í landinu.

Gunnar Egill Gunnarsson fór yfir starfsemi erlendra aðila hérhólandis og skattaleg álitamál því tengd. Að hans mati er afar mikilvægt að greiða fyrir slíkri starfsemi með skatta- og rekstrarúrbótum. Þar má m.a.

nefna breytingar sem myndu gera erlendum fyrirtækjum, sem mynda fasta starfsstöð hér á landi, kleift að sækja um tímabundna kennitölu í stað þess að þurfa að setja upp útibú eða dótturfélag. Að auki þyrfti að fá endanlega úr því skorið hvernig háttu ætti skattalegri meðferð útibúa, en skattyfirvöld hafa verið afar misvísandi með það.

Vala Valtýsdóttir fjallaði um skattalegan stuðning við eigin fé, en dæmi eru um slíkan stuðning t.a.m. í Belgíu. Í stuðningnum felst að frádráttur frá sköttum er veittur án gjalda og því er eigin fé jafnað við fjármögnun með lánum í skattalegu tilliti og fyrirtæki þannig hvött til að auka við eigið fé á kostnað skuldsetningar. Að hennar mati myndu reglur af þessu tagi bæði leiða til aukins eigin fjár í fyrirtækjum í eigu innlendra aðila sem og laða að fyrirtæki í eigu erlendra aðila. Í heildina taldi Vala að ríkissjóður gæti með reglum af þessu tagi aukið skatttekjur um tvo til þrjá milljarða á hverju ári.

Ræðu fjármálaráðherra má nálgast [hér](#).

Upplýsingar um fundinn og glærur frá fundinum má nálgast [hér](#).

Upplýsingar um eldri Skattadaga má nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs undir [eldri fréttir](#).